

# 25 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

## SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR NORÐURLANDS

og formleg opnun kvikmyndatónlistarverkefnis  
SinfoniaNord á alþjóðavísu

**Höfundar:** Antonín Dvorák,  
Atli Örvarsson og Nikolai Rimsky-Korsakov  
**Hljómsveitarstjóri:** Guðmundur Óli Gunnarsson  
**Einleikari:** Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir

**24. mars 2019**  
**Í Hofi**

# Sinfóníuhljómsveit Norðurlands 25 ára SinfoniaNord kvikmyndatónlistar- verkefnið

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands var stofnuð haustið 1993 og fyrstu tónleikarnir voru haldnir 24. október það ár undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Það fer því vel á því að einleikari á tónleikunum er dóttir hans, Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir, sellóleikari.

Fyrirrennari hljómsveitarinnar, Kammerhljómsveit Akureyrar, var stofnuð árið 1987 af hljóðfæraleikurum sem flestir voru starfandi kennarar við Tónlistarskólann á Akureyri. Til að styrkja stöðu hljómsveitarinnar voru fleiri kallaðir til og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands var formlega stofnuð.

Sinfóníuhljómsveitin hefur vaxið og dafnað og haldið fjölda tónleika á Akureyri og víða á norðurlandi, í Eldborgarsal Hörpu, á Grænlandi og víðar. Efnis-

tök hafa verið mjög fjölbreytt og hefur hljómsveitin leikið nánast allar tegundir klassískrar tónlistar allt frá barokki til nútímatónlistar auk rokks, jazz og popps. Samstarf hljómsveitarinnar við Leikfélag Akureyrar hefur einnig gefið af sér góðan ávöxt með uppsetningu á söngleikjum auk smærri verkefna.

Nýjasta rósin í hnappagat hljómsveitarinnar er kvikmyndatónlistarverkefnið SinfoniaNord. Verkefnið hlaut nýsköpunarverðlaun Akureyrar 2017 og er einnig á taksverkefnisóknaráætlunarEyþings 2018-2019. Með fjárfestingu í fullkomnun búnaði getur hljómsveitin tekið að sér upptökur á alþjóðlegri kvikmyndatónlist sem þegar hefur skilað af sér vel heppnuðum verkum í þeim geira. Aðstæður á Akureyri til að hýsa innlend og erlend upptökuverkefni eru

sérstaklega góðar með góðu aðgengi að gistingu, veitingahúsum og allri nauðsynlegri þjónustu í næsta nágrenni við Hof.

Þeir sem hafa leitt verkefnið eru Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, sviðsstjóri tónlistar hjá Menningarfélagi Akureyrar, og Akureyringurinn Atli Örvarsson, kvikmyndatónskáld. Árið 2015 var tekin upp tónlist Atla við Hollywood myndina „The Perfect Guy“ sem náði góðum árangri í Bandaríkjunum og tónlist kvikmyndarinnar „Lói – þú flýgur aldrei einn“ var einnig hljóðrituð hér. Einnig hafa verið unnin verkefni fyrir Sony og Disney þannig að segja má að við séum í miðju ævintýri. Hljómsveitin mun hér á eftir flytja okkur í ævintýraheim Þúsund og einnar nætur með flutningi á hljómsveitarsvítunni Scheherazade eftir Rimskij-

-Korsakov. Scheherazade sagði soldáninum sögu hverja nótt í þúsund og eina nótt og náði þannig að halda sér á lífi.

Þessi eftirtektarverði árangur Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er sönnun þess að þegar góður jarðvegur, hagstæð skilyrði og vonduð aðstaða er til staðar þá getum við átt von á góðri uppskeru.

Ég óska Norðlendingum innilega til hamingju með afmælið og er þess fullviss að Sinfóníuhljómsveit Norðurlands verði jafn lífseig og Scheherazade og skrifi reglulega nýja kafla í fjölbreytta tónlistarsögu Íslands.

**Lilja Alfreðsdóttir**

**Mennta- og menningarmálaráðherra**



**Kæru gestir.**

**Það er sérstaklega ánægjulegt að vera viðstödd þessa hátíðartónleika Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands sem nú fagnar 25 ára afmæli með metnaðarfullri dagskrá.**

EFNISSKRÁ

Dvorák | **Sellókonsert nr. 2**

HLÉ

Atli Örvarsson | **Under the Surface**

Rimsky-Korsakov | **Scheherazade**

# ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA SN / SINFONIANORD

Einmitt – Sinfóníuhljómsveit Norðurlands/SinfoniaNord. Þetta eru tvær hliðar á sama peningnum. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sinnir því að nýta menningarstyrk ríkis og bæjar til að vera kyndilberi sinfónískrar tónlistar á Norðausturlandi, en SinfoniaNord er verkefni á vegum hljómsveitarinnar sem hefur það að markmiði að gefa atvinnuhjóðfæraleikurum á Íslandi aukin tækifæri til að lifa af list sinni. Hún gerir það með því að bjóða sinfóníska þjónustu. Það er gert með því að nýta hina frábæru aðstöðu í Hofi til að leika sinfóníska tónlist inn á kvikmyndir og sjónvarpsþáttaraðir en líka með því að bjóða viðburðahöldurum, listamönnum og tónlistarmönnum úr öðrum geirum tónlistarinnar. Þannig þjónustu hefur mátt sjá í stórum sinfónískum verkefnum eins og Lord of the Rings, War of the Worlds og Phantom of the Opera, svo eitthvað sé

Ég kynntist Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í október 2014 þegar ég sá dagskrárbækling frá SN á kaffihúsi á Húsavík, þar sem ég var að halda tónleika. Það kom mér á óvart að það væri starfrækt sinfóníuhljómsveit á Akureyri því ég hafði aldrei heyrt um hana. Þessi nýja vitneskja vakti hrifningu mína á framsýninni og dugnaðinum í menningarlífinu á Norðausturlandi. Ekki grunaði mig þá að þremur mánuðum síðar stæði ég í brúnni á togaranum SN/SinfoniaNord.

nefnt. Það er í raun ótrúlegt hvað hlutirnir hafa gerst hratt síðan Menningarfélag Akureyrar var stofnað 2014 og framfarirnar miklar. Hljómsveitin hefur á síðustu árum margfaldað tíðni viðburða sinna og unnið með fyrsta flokks stjórnendum eins og Petri Sakari, Erki Phek, Daniel Bjarnasyni, Ludwik Wicki, Hallfríði Ólafsdóttur, Bjarna Frímanni Bjarnasyni, Bernharði Wilkinsyni o.fl. Hún hefur átt í samstarfi við Stórsveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Færeyja (í Færeyjum), Värttinän frá Finnlandi, Steve Hackett (Genesis), Todmobile, Dimmu, Amabadama, Listvinafélag Hallgrímskirkju, Hymnódíu, Kammerkór Norðurlands og Hljómeyki svo fátt eitt sé nefnt. Hljómsveitin hefur síðan 2015 frumflutt ný tónverk eftirt.a.m. Áskel Másson, Daniel Þorsteinsson, Kjartan Valdemarsson, Jórundi Viðar, Atla Örvarsson, Þorvald B. Þorvaldsson og Guðmund Pétursson.

Magnaðast er þó að Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur leikið inn á hátt í tuttugu erlendar og innlendar kvikmyndir og sjónvarpsþætti fyrir alþjóðlega fjölmiðlarisa eins og Sony, History Channel, BBC og Netflix síðan í mars 2015 þegar fyrstu kvikmyndatónlistarupptökurnar voru prufukeyrðar. Það þýðir að á þessari stundu, núna, hljómar Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í sjónvörpum, heyrnartólum, tölvum, flugvélum og bíóhúsum um allan heim. Það er lofandi því verkefnið er varla byrjað og hefur aldrei verið auglýst.

Nú eru tímamót í tvennum skilningi. Hljómsveitin á kvartaldar afmæli, en einnig er nú markaðsefni SinfoniaNord-verkefnisins tilbúið með aðstoð ríkisins í gegnum sóknaráætlun Eypings. Það er ekki eftir neinu að bíða varðandi það að láta umheiminn vita af þessari nýju



starfsemi í menningarborginni Akureyri.

Við erum þakklát Akureyrarbæ fyrir þá miklu framsýni að veita fé í Menningarfélag Akureyrar og við erum sérstaklega þakklát Ríkisstjórn Íslands fyrir stuðninginn við að geta boðið upp á þennan mikilvæga viðburð. Við þökkum Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, fyrir einlægan áhuga á verkefninu og fyrir að heimsækja Akureyri og opna í dag formlega SinfoniaNord-verkefnið á alþjóðavísu.

**Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson**

**Framkvæmdastjóri SN/SinfoniaNord**

Höfundar | **Antonín Dvorák, Atli Örvarsson og Nikolai Rimsky-Korsakov**  
Hljómsveitarstjóri | **Guðmundur Óli Gunnarsson**  
Einleikari | **Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir**  
Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Hún hefur á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenskri tónlist. Yfir 14.000 gestir sóttu tónleika hennar á síðasta ári en árið 2018 var langstærsta ár Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá upphafi á öllum sviðum. Það verður áskorun að halda þessum árangri við á komandi árum og treystir SN/SinfoniaNord á framsýni stjórnámálanna á Íslandi varðandi það að hlúð verði vel að þessari starfsemi sem hefur svo sannarlega unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.

# Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

## 1. FIDLA

Greta Salóme Stefánsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Olga Ólafsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Chrissie Guðmundsdóttir  
Sigrún Harðardóttir  
Zsuzsanna Bitay  
Sigríður Baldvinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir

## 2. FIDLA

Marcin Lazarz  
Tomasz Kolosowski  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Guðbjartur Hákonarson  
Vigdís Másdóttir  
Marika Alavere  
Aldís Bergsveinsdóttir  
Sólrún Svava Kjartansdóttir  
Heba Karítas Ásgrímsdóttir  
Jóhann Þór Bergþórsson  
Guðrún Sigurðardóttir

## VÍÓLUR

Svava Bernharðsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Eydís Ýr Rosenkjær  
Sigrún Mary McCormick  
Diljá Finnsdóttir  
Katrín Karítas Viðarsdóttir

## SELLÓ

Steiney Sigurðardóttir  
Ásdís Arnardóttir  
Helga Björg Ágústsdóttir  
Victoria Tarveskaia  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Helga María Guðmundsdóttir  
Rún Árnadóttir

## BASSAR

Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Þórir Jóhannsson  
Jóhannes Georgsson  
Hávarður Tryggvason

## FLAUTUR

Emilia Rós Sigfúsdóttir  
Una Björg Hjartardóttir  
Petrea Óskarsdóttir

## KLARINETT

Ármann Helgason  
Helga Arnardóttir

## FAGOTT

Páll Barna Szabó  
Dagbjört Ingólfssdóttir

## HORN

Ella Vala Ármannsdóttir  
Helgi Svavarsson  
Emil Friðfinnsson  
Kjartan Ólafsson  
Svava Helgadóttir

## ÓBÓ

Matthias Birgir Nardeau  
Gillian Haworth

## BÁSÚNA

Carlos Caro Agulera  
David Bobroff  
Össur Geirsson

## TÚBA

Finnbogi Óskarsson

## TROMPET

Vilhjálmur Ingi Sigurðarson  
Sóley Björk Einarsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson  
Emil Þorri Emilsson

## SLAGVERK

Emil Þorri Emilsson  
Einar Scheving  
Þorvaldur Halldórsson  
Hafsteinn Daviðsson  
Stefán Arnar Einarsson

## HARPA

Elísabet Waage

## PIANO/CELESTA

Daniel Þorsteinsson

## Antonin Dvorák (1841–1904)

Antonin Dvorák (1841–1904) náði ekki hylli sem tónskáld fyrr en hann var kominn á fertugsaldur. Hann hafði reyndar getið sér gott orð sem fiðluleikari og organisti en tónsmíðar hans vöktu fram-anaf litla athygli utan Tékklands. Þannig má nefna að hann sendi handrit að fyrstu sínfóníu sinni í tónskáldakeppni í Þýskalandi en hlaut ekki náð fyrir augum dómnefndar og verkið var árum saman

## Atli Örvarsson

Atli Örvarsson er fæddur og uppalinn á Akureyri. Hann hóf snemma afskipti af tónlist enda alinn upp af tónlistarfólki. Hann lærði ungur á píanó og trompet, auk þess sem sjálfmenntun á harmonikku lá nokkuð beint við. Hljómsveitaferillinn hófst sömuleiðis snemma og hann stofnaði m.a. Stuðkompaniíð með Karli bróður sínum heima á Akureyri, en í kjölfarið fylgdi svo spilamennska með ýmsum vinsælustu hljómsveitum lands-ins, lengst þó með Sálinni hans Jóns mins, sem skilaði honum þremur platinuplötum og tveimur gullplötum. Árið 1993 sagði hann skilið við tónleikalífið og ballspilamenskuna á Íslandi og hélt vestur um haf til að mennta sig í kvikmyndatónsmíðum. Atli lagði stund á nám í kvikmyndatónlist við Berklee College of Music og hélt því áfram í meistaranámi við University of North Carolina School of the Arts. Hann fékk viðurkenningu

Nikolai Rimsky-Korsakov (1844–1908) má hiklaust telja með-al áhrifamestu tónskálda Rússlands. Þar koma til bæði vinsældir þeirra tónverka sem hann samdi og sú staðreynd að hann gegndi um árabíl prófessorsstöðu við konservatori-íð í Sankti Pétursborg þar sem hann kenndi bæði tónsmíðar og hljóðfærafræði. Meðal nemenda Rimsky-Korsakov má nefna Ígor Stravinskij, sem svo sannarlega átti eftir að hreyfa við áheyrendum á 20. öld. Rimsky-Korsakov var aðeins 27 ára að

talið týnt. Árið 1874 sendi hann verk sin í tónskáldakeppni í Aust-urriki þar sem Johannes Brahms var meðal dómnefndarmanna og þótti mikið til koma, raunar svo mjög að hann mælti með Dvorák við útgefanda sinn, Simrock. Hann fór að ráði Brahms og pantaði tón-verk hjá Dvorák sem þá samdi Slavneska dansa, Op. 46, sem áttu eftir að njóta mikillar hylli. Þar með fór frægðarsól Dvoráks að

Pete Carpenter Fellowship fyrir framúrskarandi árangur í tón-smíðum, og leiðin lá til Los Angeles. Þar hófst samvinna hans og kvikmyndatónsmíðsins Mike Post við þætti á borð við NYPD Blue og Law and Order. Þar vakti hann athygli tónskáldsins Hans Zimmer, sem bauð honum að ganga til liðs við Remote Control Productions.

Í kjölfarið bæði samdi Atli og hljómsveitarstýrði kvikmyndatón-list í mörgum af stærstu verkefnum Hollywood, þar á meðal kvikmyndaseriunni Pirates of the Caribbean, Stuart Little 3, Iron Man, The Eagle, Vantage Point, Babylon A.D og Man of Steel, og vinsælum þáttaröðum sjónvarpsstöðvarinnar NBC á borð við Chicago Fire, Chicago PD. og Chicago Med.

Af öðrum verkum hans mætti nefna mynd Sam Rockwell, A Single Shot, hrollvekjú Tommy Wirkola um Hans og Grétu, Hansel

aldri þegar hann tók við prófessorsstöðunni í Sankti Péturs-borg en áður hafði hann verið yfirmaður í rússneska flota-num. Þar sem hann gegndi herþjónustu áfram samhliða kennslu-starfinu þurfti hann að vera einkennisbúningi í kennslunni því yf-irmenn í rússneska hernum töldust ætíð vera við skyldustörf og þurftu því ætíð að vera í einkennisbúningi. Það fer enda tvennum sögum af því hvers vegna Rimsky-Korsakov var boðin staðan við konservatoriíð í Sankti Pétursborg og einhverjir vildu meina að

rísa á alþjóðavettvangi og árið 1892 fluttist hann ásamt fjölskyldu sinni til New York þar sem hann hafði verið ráðinn til að vera í forsvari fyrir nýstofnaðan tónlistarháskóla þar í borg. Eins og mörg tónskáld síns tíma sótti Dvorák fyrirmyndir og innblástur í þjóðlagaarf heimalands síns. Þær hugmyndir tók hann með sér til New York og þangað kominn kynnti hann sér vel tónlist bæði

and Gretel: Witch Hunters, The Edge of Seventeen með Hailee Steinfeld og Woody Harrelson í aðalhlutverkum og teikni-myndina Bilal: A New Breed of Hero með Ian McShane.

Árið 2014 ákvað Atli að færa sig um set og reyna fyrir sér í evrópskri kvikmyndatónlist. Fyrsta verkefnið var hin ramm-islenska bíómynd Hrútar í leikstjórn Grims Hákonarsonar, sem tekin var upp á ættarslóðum Atla í Bárðardal. Myndin vann Un Certain Regard-verðlaunin í Cannes 2015 og Atli hlaut mikið lof fyrir tónlistina.

Eftir vinnuna við Hrúta ákvað Atli að söðla um og flytja heim til Akureyrar. Síðan hefur hann unnið jöfnum höndum hér heima og vestanhafs. Hann flýgur þá ýmist út til starfa eða tekur upp tónlist með hljómsveit í menningarhúsinu Hofi. Eftir heimkom-una hefur hann m.a. gert tónlistina við íslensku sjónvarpsþátta-

## Nikolai Rimsky-Korsakov (1844–1908)

Það væri aðeins vegna þess að af þeim ungu tónskáldum sem þá voru að gera sig gildandi í Rússlandi hefði hann talist sá sem ólík-legastur væri til að verða yfirvöldum óþægur ljár í þúfu. Mikhail Azanchevsky, rektor skólans, hefði þannig viljað slá tvær flugur í einu höggi; bæði ráða inn ungan mann sem sýndi að skólinn væri opinn fyrir nýjungum en jafnframt fá mann sem ekki yrði til vandræða. Raunar má segja að Rimsky-Korsakov hafi í upphafi tæplega verið vel í stakk búinn til að sinna starfinu. Hann hafði

frumbyggja Norður-Ameríku og bandarískra blökkumanna og taldi að á þeim grunni yrði meðal annars að byggja til að skapa tónlist sem talist gæti norður-amerísk. Ýmis tónverk sem Dvorák samdi á þessum árum fela í sér tilraun til að fanga hinn norður-ameríska tónlistararf og þar ber ef til vill hæst g. sínfóníu hans sem einmitt ber titilinn „Frá Nýja heiminum“.

röðina Hraunið, dönsku myndina Pound For Pound og íslensku teiknimyndina Lói, þú flýgur aldrei einn, en einnig amerískar myndir á borð við The Hitman's Bodyguard eftir Patrick Hughes, með Samuel L. Jackson og Ryan Reynolds í aðalhlutverkum.

Áhrifavaldar Atla í tónlistinni eru meðal annarra Johann Sebastian Bach, Pink Floyd, Ennio Morricone, Maurice Ravel, Steve Reich, Arvo Pärt, Trevor Horn og Radiohead. Einnig hvetur ást hans á ferðalögum hann áfram og veitir honum innblástur. Að heim-sækja nýja staði, rannsaka mismunandi menningarheima og finna ný sjónarhorn á hlutina hefur ekki aðeins auðgað persónu-legt líf hans heldur einnig gert hann að fjölhæfu og hugmynda-ríku tónskáldi.

Þegar Atli er ekki að semja eða stýra tónlist nýtur hann tímans með fjölskyldunni.

svo til aldrei stjórnað hljómsveit, hafði aldrei lært kontrapunkt og gat eiginlega ekki útsett einfalt kórlag sómasamlega. Við svo búið mátti ekki standa og Rimsky-Korsakov gerði því það sem hver maður ætti að gera við slíkar kringumstæður; hann hafði samband við Pjotr Tjækofskij, sem raunverulega kunni til verka í þessum efnum, leitaði ráða hjá honum og einsetti sér að vera í það minnsta skrefi á undan nemendum sínum.

# Sellókonsert Dvoráks í h-moll

Sellókonsert Dvoráks í h-moll Op. 104 var saminn árin 1894–95, skömmu áður en hann flutti frá New York og aftur til Tékklands. Vinur Dvoráks, sellóleikarinn Hanuš Wihan, hafði þrífaldlega beðið hann að semja konsert fyrir selló og hljómsveit. Dvorák hafði hins vegar ekki tekið vel í hugmyndina og á að hafa sagt að þó sellóið væri vissulega fínt sem hljómsveitarhljóðfæri væri það vita gagnslaust sem einleikshljóðfæri. Árið 1894 heyrði Dvorák hins vegar nýjan sellókonsert eftir samkennara sinn, Victor Herbert, sem meðal annars hafði verið leiðandi sellóleikari í hljómsveitinni sem frumlutti 9. sínfóníu Dvoráks. Mögulega var það sellókonsert

Herberts sem fékk Dvorák til að skipta um skoðun. Í það minnsta hóf hann skömmu síðar að semja sinn eigin sellókonsert og valdi að hafa hann í h-moll en mið-kaflinn í konsert Herberts var einnig í þeirri tóntegund. Þegar Hanuš Wihan fékk að sjá handritið að konsertinum gerði hann ýmsar tilögur um breytingar, meðal annars um kadensu í lokakaflanum. Dvorák tók hins vegar ekki vel í þær hugmyndir og skrifaði útgefanda sínum:

Ég færi ykkur þetta tónverk mitt því aðeins að þið lofið mér því að enginn – ekki einu sinni Wihan vinur minn – geri á því nokkrar breytingar án minn-

ar vitneskju og með mínu samþykki, einnig að það verði engin kadensa í lokakaflanum eins og Wihan hefur gert; og að form verksins verði eins og ég hef hugsað það og lagt það upp.

Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að lokakafla konsertsins er að nokkur leyti saminn til heiðurs mágkonu Dvoráks, Josefinu Kaunitzovu, sem hafi greint honum frá því í bréfi síðla árs 1894 að hún væri alvarlega veik. Í lokakaflanum kemur þannig fyrir stef úr öðru tónverki Dvoráks, (Kéž duch můj sám) Op. 82, sem verið hafði í upphaldi hjá Josefinu.

## Under the surface – Undir yfirborðinu

Flest sínfónísk hljómsveitarverk mín hingað til hafa verið samin fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Það var því skemmtileg áskorun og tilbreyting að semja nýtt verk í tilefni 25 ára afmælis Sínfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Tónverkið Undir yfirborðinu er einskonar óður til náttúrunnar, í þessu tilviki vatnsins og hafsins, innblásið af útsýninu yfir Pollinn á Akureyri og Eyjafjörðinn fagra. Fátt er fegurra í náttúrunni en hinar ýmsu birtingarmyndir vatnsins en mig langaði að vekja fólk til umhugsunar um það hvernig við umgöngumst höf

jarðarinnar og náttúruna almennt. Þótt allt kunni að virðast slétt og fagurt á yfirborðinu kraumar ýmislegt undir sem við sjáum ekki, eða höfum lokað augunum fyrir, en erum þó að hluta ábyrg fyrir. Kannski ekki ósvipað og mannfólkið sem við mætum á förnum vegi. Það virkar stóískt og yfirvegað í daglegu amstri sínu en við vitum ekki hvað leynist undir niðri.

Mannkynið stendur á ákveðnum tímamótum gagnvart náttúrunni. Við höfum gengið of langt og þurfum að vinna okkur til baka áður en það er um seinan. Under the Surface er hugsað sem hluti af stærra

verki, tileinkað baráttunni fyrir náttúruvernd. Fyrsti kaflinn sem ég samdi, Lament for the Woods, um eyðingu skóganna, var frumfluttur á tónleikum mínum með Sínfóníuhljómsveit Norðurlands árið 2017. Þriðji hlutinn er í smíðum og fjallar um loftið sem við öndum að okkur og, rétt eins og vatnið, er forsenda tilveru okkar.

**Atli Örvarsson**





## Hljómsveitarstjóri

Guðmundur Óli Gunnarsson nam hljómsveitarstjórn í Utrecht og Helsinki. Hann var aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands 1992–2014. Guðmundur Óli var fastur stjórnandi kammersveitarinnar Caput 1987–2007 og starfaði sem hljómsveitarstjóri og kór-

stjóri Íslensku óperunnar 2012–2016. Hann hefur auk þess m.a. komið fram sem stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Kammersveitar Reykjavíkur, bæði á tónleikum og við upptökur. Þá hefur Guðmundur Óli einnig starfað mikið með kórum og hljómsveitum áhugamanna og nemenda.




## Einleikari

Hrafnhildur hóf ung að árum sellónám við Tónlistarskólann á Akureyri þaðan sem hún lauk framhaldsprófi undir handleiðslu Ásdísar Arnardóttur. Í framhaldi af því lærði hún hjá Sigurgeiri Agnarssyni og Gunnari Kvaran við Listaháskóla Íslands, og Morten Zeuthen við Konunglega Konservatoríið í Kaupmannahöfn. Frá 2014 hefur Hrafnhildur stundað nám við Jacobs School of Music, Indiana University, undir handleiðslu Brandon Vamos, sellóleikara Pacifica strengjakvartettsins. Hún hefur auk þess sótt einkatíma og meistaranámskeið hjá Johannes Moser, Alisu Weilerstein, Richard Aaron, Darrett Adkins, Amir Eldan, Marcy Rosen, Alison Wells, Alex Kerr, Atar Arad, Emile Naoumoff o.fl.

Hrafnhildur hefur komið víða fram á tónlistarhátíðum innanlands og utan, leikið með hljómsveitum beggja vegna Atlantshafsins og leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar fyrir sellóleik sinn, s.s. tónlistarverðlaun Rótarý, viðurkenningu frá Minningarsjóði Jean-Pierre Jacquillat, Thor Thors Fellowship og Leifur Eiriksson Fellowship. Hrafnhildur hefur einnig unnið til verðlauna sem meðlimur í Kuttner-strengjakvartettinum, heiðurskvartett Indiana University, og hefur með honum m.a. verið staðarkvartett vikulangt í Beethoven-húsinu í Bonn. Í framhaldi af því bauðst kvartettinum að taka upp stutt, ókláruð kammerverk eftir Beethoven sem aldrei

hafa verið tekin upp fyrr en nú. Verða þessar upptökur hluti af heiðursútgáfu Naxos á öllum verkum Beethovens sem gefin verður út árið 2020 í tilefni af 250 ára ártíð tónskáldsins.

Hrafnhildur mun útskrifast með meistaragráðu í sellóleik nú í vor á Premier Young Artist Award og Marcie Tichenor skólustykk. Hún leikur á Garavaglia selló frá árinu 2011 og með boga úr smiðju James Tubbs frá níjtjándu öld.



## Horft um öxl á hátíðarstund

Það var mikil hátíðar- og hamingjustund í Akureyrarkirkju þann 23. október árið 1993 þegar Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hélt sína fyrstu tónleika. Forleikur að Töfraflautu og töfrandi gulltónar í flautukonsert Mozarts og fyrsta sinfónía Beethovens gáfu fyrirheit um nýja tíma og nú er því fagnað hvernig til hefur tekist. Fyrsta sinfónía Ludwig Van Beethovens leiddi hugann að hinum átta sem síðar myndu sigla í kjölfarið.

Ef ég held áfram með siglingarlíkinguna, að hljómsveitin sé nökkvi, þá er ljóst að skipasmiðin átti sér langan aðdraganda. Langt er seilst er farið er til ársins 1942, þegar Tónlistarfélag Akureyrar var stofnað og hafði á stefnuskrá sinni bæði það að stofna tónlistarskóla og stuðla að stofnun hljómsveitar á Akureyri. Meira að segja má minna á að tvær litlar kammerhljómsveitir höfðu áður starfað um stutt skeið hér á Akureyri á fyrri hluta 20. aldar og héldu báðar opinbera tónleika.

Gildi hugmynda um starfrækslu hljómsveitar er augljóst er við litum nú árangurinn af samstarfi og samhæfingu Tónlistarskólans á Akureyri og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands í okkar glæsilega menningar-Hofi á þessari hátíðarstund. Stofnun Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands var árangur kröftugrar uppbyggingar hljómsveitarstarfs í Tónlistarskólanum á Akureyri, undir forystu framsýnnar stjórnar skólans, og mikils áhuga hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra í kennaraliði hans. Við einstök gróðrarskilyrði urðu hljómsveitir til í skólanum sem báru gæfu til að ná samleik nemenda, kennara og leikmanna til að byggja grunn að fjölbreyttu hljómsveitarstarfi. Á stundum sem þessum á að skrifa sögu upprunans með gullnu lettri og láí mér hver sem vill þó ég sjái þennan tíma í björtu ljósi.

Eins og minnst hefur verið á hafði Tónlistarskólinn þegar lagt mikla áherslu á þjálfun nemenda í hljómsveitarleik. Tel ég það mikla gæfu fyrir okkar litla samfélag að nemendur á hljómsveitarhljóðfæri hafi fengið að leika með í hljómsveitum, hvattir til dáða af verkefnum sem voru þeim oft vel við vöxt, jafnvel ofvaxta. En þeir voru leiddir áfram af hljóðfæraleikurum sem höfðu kunnáttu og reynslu til að bera.

Í nefndarátliti sem fjallaði um eflingu tónmenntarkennslu og starfs tónlistarskóla í landinu, og lagt var fyrir menntamálaráðherra árið 1984, kom meðal

annars fram það álit að framtíð Tónlistarskólans á Akureyri yrði best tryggð með rekstri atvinnukammerhljómsveitar, þar sem kennurum gæfist kostur að njóta færni sinnar sem hljóðfæraleikarar. Leikur kennara í þeirri sveit var hugsaður sem hluti af launuðu starfi þeirra og um leið mikilvægt framlag til tónlistarlífsins hér norðan heiða.

Þess má og geta að í marsmánuði árið 1987 gekkst Tónlistarskólinn á Akureyri fyrir ráðstefnu á landsvísi þar sem rætt var um hugmynd að nýrri tónmenntakennaradeild á Akureyri og einnig var þar fjallað um stofnun og rekstur kammerhljómsveitar. Þessi ráðstefna var vel sótt og var það samdóma álit þátttakenda að rekstur kammerhljómsveitar á Akureyri væri bæði áhugaverður og hefði mikið gildi fyrir tónlistarlífið í landinu.

Reyndar hafði formlegur rekstur Kammerhljómsveitar Akureyrar, í raun foreldris Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, hafist 1986, árinu áður. Roar Kvam og Michael J. Clarke, kennarar við Tónlistarskólann á Akureyri, höfðu báðir á þeim tíma stjórnað hljómsveitum og hafð flutning þeirra á sigildum tónlistarverkum, og nú var sá fyrrnefndi driffjöður og stjórnandi þessarar nýju hljómsveitar um árabil.

Ég var framkvæmdastjóri sveitarinnar þau sex ár sem Kammerhljómsveit Akureyrar starfaði. Það var ljóst frá upphafi að hljómsveitin yrði að öðlast fjárhagslegt rekstraröryggi. Hverjir einustu tónleikar voru haldnir með undir málsgreiðslum til hljóðfæraleikaranna og yfirleitt mikilli óvissu um afkomu. Okkur varð fljótlega fullljóst að aldrei yrði hægt að reka kammerhljómsveitina, nema með því að hún kæmist á föst fjárlög. Allnokkrar tilraunir voru gerðar til leiða málefni hljómsveitarinnar á öruggan rekstrargrunn. Allt kom fyrir ekki; þrátt fyrir mikla skrifinsku og oft afar skilningsrík viðhorf stjórnámálanna náðist ekki að komast í mark.

Til gamans má geta að ég, undirritaður, gerði eitt haustið ítrekaðar tilraunir til að ná fundi formanns Fjárveitinganefndar Alþingis. Þegar sú leið virtist árangurslaus flaug ég suður með mína hækju og sat fyrir formanninum þar sem vikulegir fundir Fjárveitinganefndarinnar fóru fram. Mikið höfðu þeir nefndarmenn að ræða og komið fram yfir fundartíma þegar hurð var hrundið upp og formaður kom með miklu fasi og tjáði sitt tímaleysi þannig

að ekkert yrði úr því að ég fengi áheyrn í þetta skiptið. Þessu undi ég illa og vildi með því að standa á fætur leggja áherslu á hve brýnt málið væri. Ég uggði þó ekki að mér því hækjunni var ekki rétt beint og féll ég því flatur beint fyrir framan fjárveitingavaldið. Á meðan formaður stumraði yfir mér og skoðaði hvort ég hefði meitt mig bar ég upp erindið og hlaut mikinn skilning, en enga fjárhagslegan styrk fyrir starf Kammerhljómsveitar Akureyrar. Kammerhljómsveitinni tókst þrátt fyrir þessar óviðunandi forsendur að halda um 30 tónleika og vinna ómetanlegt brautryðjendastarf á sínum 6 starfsárum.

Það kom á daginn að vænlegra þætti að koma hljómsveitinni á föst fjárlög með því að stofna nýja hljómsveit undir nafninu Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Þegar samningurinn var svo undirritaður árið 1993 var það gert með viðhöfn. Ólafur G. Einarsson, þáverandi menntamálaráðherra, kom norður af þessu tilefni og vel við hæfi að velja veitingastað með nafninu Fiðlarinn til að blása til fagnaðar.

Ég lýk máli mínu í þeirri einlægu gleði sem þarna ríkti. Brugðið var á ráð sögualdar að flytja konungi, hér Ólafi G., drápu nokkra í tónum, ekki með orðum, og var honum afhent nótnahefti af litlu tríói sem þarna hljómaði.

Látum hljóm gleðinnar fylgja hlýjum afmælisókum á þessum merku tímamótum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Til hamingju með afmælið.

**Jón Hlöðver Áskelsson, tónskáld**

**fyrrv. skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri**

**og framkvæmdastjóri Kammerhljómsveitar**

**Akureyrar 1986–1993**

# MOZART REQUIEM

& PÍANÓKONSERT nr.20 Í d-moll, K.466  
Mozart Requiem, K.626

18. apríl

Hof, Akureyri

19. apríl

Langholtskirkju

Einleikari: Alexander Edelstein

Hljómsveitarstjóri: Anna-María Helsing

Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson, Helena Guðlaug Bjarnadóttir,  
Hanna Dóra Sturludóttir og Garðar Thor Cortes

Söngsveitin Fílharmónía  
Kammerkór Norðurlands  
Sinfóníuhljómsveit Norðurlands